



Hrafnista Reykjavík – Tækjakaupasjóður

Nafn sjóðsins:

Sjóðurinn heitir „Tækjakaupasjóður Hrafnistu í Reykjavík“ og er í eigu Hrafnistu í Reykjavík.

Markmið:

Að fjármagna kaup á tækjum og búnaði sem nýtist starfsemi Hrafnistu. Jafnframt er sjóðnum ætlað að standa undir kaupum á búnaði sem nýtist heimilisfólki til afþreyingar. Stjórn sjóðsins er ekki heimilt ráðstafa framlögum úr sjóðnum umfram það sem hér er tilgreint.

Tekjur:

Tekjur sjóðsins eru gjafir og gjafafé. Jafnframt ávöxtun af fjármunum sjóðsins (vextir og verðbætur).

Stjórn:

Stjórn sjóðsins er framkvæmdastjórn Hrafnistu eins og hún er skipuð á hverjum tíma og er forstjóri Hrafnistu formaður sjóðsstjórnar. Jafnframt situr í sjóðsstjórn gjaldkeri Sjómannadagsráðs Reykjavíkur og Hafnarfjarðar eða staðgengill hans.

Úthlutun:

Starfsmönnum Hrafnistu er heimilt að sækja um í sjóðinn. Með umsókn skal fylgja stutt greinargerð þar sem tilgreint er hvaða búnaður umsóknin er fyrir og hvernig hann muni nýtast starfsemi Hrafnistu (hvort sem er heimilisfólki eða starfsfólki). Að öllu jöfnu skal úthluta úr sjóðnum tvisvar á ári, apríl og október. Hámarks upphæð úthlutunar er sú upphæð er verðbætur og vextir frá fyrra ári skapa, að frádregnum fjármagnstekjuskatti.

Stjórn sjóðsins tekur ákvörðun hverju sinni hvernig auglýsingum um umsóknir um styrki skuli háttað.

Fjárfestingastefna:

Sjóðinn skal ávaxta á bankareikningum á eins öruggan hátt og mögulegt er. Prókuruhafi sjóðsins er framkvæmdastjóri Rekstrar- og stjórnunarsviðs Hrafnistu.